



Verktakatrygging

Skilmáli nr. EV50

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. EV50.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framar skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Verktakatrygging er víðtæk trygging fyrir eigendur eða verktaka í framkvæmdum sem vilja tryggja verkið fyrir skyndilegu og ófyrirsjáanlegu tjóni.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið. **Skírteini** staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hvað er tryggt?

- 1.1 Tryggðir hagsmunir koma fram í skírteini.

2. Hver er tryggður?

- 2.1 Tryggingartaki er tryggður.

3. Ábyrgðartími

- 3.1 Ábyrgð VÍS hefst þegar tryggðum hlutum er komið á tryggingarstað eða hið tryggða verk hefst, hvort sem fyrr verður.
- 3.2 Ábyrgð VÍS á hverjum hluta verksins lýkur þegar hann hefur verið tekinn í notkun, afhentur eða prófaður, eða eftir því sem fram kemur í skírteininu, hvað af þessu sem fyrst verður.

4. Hvar gildir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini.

5. Hvað bætir tryggingin?

- 5.1 Tryggingin bætir:
 - 5.1.1 Skyndilegt og ófyrirsjáanlegt tjón á hinu tryggða við framkvæmd verksins á tryggingarstaðnum.
 - 5.1.2 Kostnað vegna hreinsunaraðgerða eftir bótaskyldt tjón ef það kemur fram í skírteini.
 - 5.1.3 Vélar og tæki tryggðs, búnað hans, svo sem vinnupalla, verkfæri, vinnuskúra og önnur verðmæti á tryggingarstað ef það kemur fram í skírteini.

6. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 6.1 Tryggingin bætir ekki:
 - 6.1.1 Tjón sem stafa af rangri, gallaðri eða ófullkominni hönnun, áætlunum og/eða útreikningum.
 - 6.1.2 Tjón sem stafa af röngu eða gölluðu efni og/eða vinnubrögðum. Þegar um mannvirkjagerð aðra en uppsetningu véla er að ræða er þó bætt munatjón sem verður á öðrum hluta mannvirkisins og er afleiðing af fyrsta tjóni.
 - 6.1.3 Venjulegt og eðlilegt viðhald.
 - 6.1.4 Óbein eða afleidd tjón af hvaða orsökum sem er.
 - 6.1.5 Tjón á peningum, skjölum, reikningum, teikningum, uppdráttum, frímerkjum, verðbréfum, tryggingaskjölum, kvittunum, skuldaviðurkenningum, ávísunum eða umbúðum, svo sem kössum eða boxum.



- 6.1.6 Vöntun eða rýrnun á hinu tryggða sem kemur fram við birgðatalningu eða reikningsuppgjör.
- 6.1.7 Tjón sem stafa af sliti, rýrnun, tæringu, ryðmyndun eða öðrum eðlilegum umhverfisáhrifum.
- 6.1.8 Tjón á hvötum, kemískum efnum, á eldföstum efnum í ofnum og öðrum slíkum klæðningum þegar útbúnaður er tekinn í notkun og/eða prófaður á ábyrgðartímanum, nema slíkt tjón sé bein afleiðing af tjóni sem tryggingin tekur til.
- 6.1.9 Tjón sem verða vegna seinkunar verks, þ.m.t. samningsbundnar dagsektir eða vegna þess að verktaki hefur ekki staðið við skyldur sínar.
- 6.1.10 Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsátburðar.
- 6.1.11 Tjón vegna lögnáms, þjóðnýtingar eða vegna fyrirmæla löglegra yfirvalda.
- 6.1.12 Tjón sem ábyrgðartrygging tekur til ef umfang tryggingartaka svarar fleiri en fimm ársverkum.
- 6.1.13 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

7. Varúðarreglur

- 7.1 Tryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til að stjórna slíkum tækjum og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.
- 7.2 Tryggður skal fara að fyrirmælum framleiðenda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins tryggða.
- 7.3 Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður og framkvæmdir á tryggingarstað séu í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

8. Tilkynningarskylda á tryggingartímanum

- 8.1 Verði hlé á verki sem líklegt er að vari lengur en einn mánuð og ekki var gert ráð fyrir við upphaf tryggingarinnar skal tryggður án ástæðulauss dráttar tilkynna VÍS skriflega um það. Fer þá um framhald tryggingarinnar eftir því sem um verður samið.

9. Háttsemi annarra

- 9.1 Í atvinnurekstri getur VÍS borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs, og umsjónarmanna véla, tækja og búnaðar og þeirra sem bera ábyrgð á þeim verklegu framkvæmdum sem tryggðar eru.

10. Tryggingarfjárhæð

- 10.1 Tryggingarfjárhæðir skulu tilgreindar í skírteini sem hér segir:
 - 10.1.1 Áætlað endanlegt kostnaðarverð verksins, þ.m.t. efni, flutningsgjald, tollar og önnur gjöld og kostnaður við mannvirkið, ásamt verðmæti þess sem lagt er til af verkkaupa.
 - 10.1.2 Hreinsunaraðgerðir eftir tjón: Ákveðin fjárhæð í hverju tjóni.
 - 10.1.3 Önnur verðmæti á tryggingarstað: Heildarhámark bóta á tryggingartímanum.
 - 10.1.4 Vélar og tæki verktaka: Endurkaupsverð nýrra véla og tækja (nývirði) kominna á tryggingarstað.
 - 10.1.5 Búnaður verktaka, s.s. vinnupallar, verkfæri, vinnu-skúrar o.þ.h., raunvirði.
 - 10.1.6 Þóknun arkitekta, umsjónarmanna og ráðgefandi verkfræðinga: Ákveðin bótafjárhæð vegna kostnaðar sem tryggður bakar sér, með samþykki VÍS, við enduröflun eða viðgerð hins tryggða sem hefur eyðilagst eða skemmst af völdum áhættu þeirrar sem tryggt er gegn. Ekki er greiddur kostnaður við undirbúning bótakröfu.
- 10.2 Tryggðum er skylt að:
 - 10.2.1 Láta VÍS vita ef breyting verður á tryggingarfjárhæð á tryggingartímanum sem nemur 10% til hækkunar eða lækkunar á nafnvirði verðmætisins sem er tryggt. Verð miðast við tryggingarfjárhæðina og skal leiðrétta við hækkun eða lækkun á henni.
 - 10.2.2 Skýra frá endanlegu kostnaðarverði verksins er því lýkur.
- 10.3 Tryggingarfjárhæðin lækkar ekki þótt bætur séu greiddar úr tryggingu þessari, en tryggingartaki skal greiða viðbótargjald sem miðað er við bótafjárhæðina frá tjónsdegi til loka tryggingartímabilsins.

11. Eigin áhætta

- 11.1 Af hverju tjóni ber tryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í skírteini.
- 11.2 Ef fleiri en eitt tjón verða á sama tíma vegna óskyldra atvika dregst eigin áhætta tryggðs



frá í hverju tjóni.

12. Ákvörðun bóta

- 12.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 12.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 12.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur skv. þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 12.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 12.5 VÍS greiðir ekki sérstakan kostnað sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, svo sem vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, nema það sé sérstaklega tekið fram í skírteininu.
- 12.6 VÍS greiðir ekki kostnað við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni.
- 12.7 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

13. Framsal

- 13.1 Tryggður má ekki án samþykkis VÍS framselja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

14. Lok tryggingar

- 14.1 Tryggingu þessari lýkur ef verkkaupi riftir verksamningi eða aðalverktaki hættir við verkið, nema VÍS samþykki áframhald hennar. VÍS endurgreiðir trygginguna með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er af tryggingartímabilinu.
- 14.2 Tryggingartímabilið samkvæmt skírteininu framlengist ekki nema það sé skriflega samþykkt af VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.